

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skaftárhreppi.

Læknisreitur, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 20. janúar 2022 deiliskipulagsbreytingu á Læknisreit, Kirkjubæjarklaustri. Þar er 2 einbýlishúsalóðum breytt í fjölbýlishúsalóðir, einni 3ja íbúða raðhúsalóð breytt í 4ja íbúða raðhúsalóð og einni lóð fyrir 2ja hæða einbýlishús breytt í lóð fyrir einbýlishús á einni hæð.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 31. janúar 2022.

F.h. Skaftárhrepps,

Ólafur Júlíusson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 15. febrúar 2022